

Laxdal hafa höfðað mál gegn Ársæli Árnasyni til greiðslu andvirðis kúnna, en því máli muni hafa lokið með utanrjettarsátt þannig, að Ársæll muni hafa greitt Laxdal nokkurn hluta eða allt andvirðið.

Telur stefnandi kröfu sína í búið hafa verið forgangekröfu, sem hafi átt að ganga fyrir skuldum, er tryggðar voru með veðrjetti í lausafje búsinu, og eigi hann því kröfu til að stefndu endurgreiði sjer svo mikið af andvirði kúnna, sem nægi til lúknugar kröfu hans.

Kröfur sínar í málinu byggir stefndur á því, að nefnt protabú eigi eitt aðild þessa máls en stefnandi ekki, að frestur sá, sem ákveðinn er í lögum nr. 7, 13. apríl 1894, 32. gr. hafi verið löngu liðinn er mál þetta var höfðað og að riftingarmál eins og þetta eigi að höfðast fyrir gestarjetti. Ennfremur halda þeir því fram, vð hinn áðurnefndi skiftarjettarúrskurður verði að teljast endanlegur og geti rjetturinn því ekki kveðið upp efnisdóm í málinu.

Samkvæmt 32. gr. laga nr. 7, 13. apríl 1894 er svo ákveðið að mál til riftunar á ráðstöfunum gjaldprotas manns skuli höfða innan 4 eða 12 vikna frá því að málssókn er ákveðin á skiftafundi, en eins og að framan greinir er ákvörðun skiftarjettar á þá leið að búið skyldi ekki sjálfst höfða riftunarmál. Vitanlega gat stefnandi þá höfðað riftunarmál sjálfur, en allar ástæður virðast mæla með því að slíkt mál verði einnig að vera höfðað innan þeirra tímatakmarka, sem sett eru í greinniðni. Þetta hefir ekki verið gert og verður því að álitu dómarsans að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í málinu.

Eftir atvikum þykir rjett að málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 19. nóv. 1926.

Nr. 72/192. **Hjalti Jónsson f. h. h/f. Kol & Salt**
(Lárus Jóhannesson)

gegn

Magnúsi Sigurðssyni, Ludvig Kaaber og Georg Ólafssyni f. h. Landsbanka Íslands og Sparisjóðs Árnassýslu (Pjetur Magnússon).

Út af eiðvinningu.

Úrskurður gestarjettar Reykjavíkur 17. maí

1926: Hin framkomnu mótmæli verða ekki tekin til greina.—
Eiðvinningin skal fram fara.

Úrskurður fúgetarjettar Reykjavíkur 30. júní
1926: Hin umbeðna fjárnámsgjörð á hendur Landsbanka Íslands
fyrir hönd Sparisjóðs Árnassýslu á eigi fram að ganga.

Dómur hæstarjettar.

Með dómi hæstarjettar 5. maí þ. á. í málinu
nr. 66/1926: Landsbanki Íslands f. h. Sparisjóðs
Árnassýslu gegn h/f. Kol & Salt var svo ákveðið, að
Landsbankinn f. h. nefnds sparisjóðs skyldi vera
sýkn af kröfum Kol og Salts, ef fyrverandi formað-
ur sparisjóðsins, Guðmundur Sigurðsson, eftir lögleg-
an undirbúning innan mánaðar frá birtingu dóms-
ins »neitaði« því með eiði á varnarþingi sínu, að
víxlar þeir, er ræðir um í málinu, hefðu verið fram-
lengdir með hans samþykki. Ella átti Landsbank-
inn f. h. sparisjóðsins að greiða Kol & Salt þar til-
teknar upphæðir.

Dómurinn var birtur stjórn Landsbankans 15.
maí. Og sama dag ljet bankinn birta Guðmundi
Sigurðssyni og stjórn h/f. Kol & Salt eiðstefnu til
fyrirtektar í gestarjetti Reykjavíkur 17. s. m.

Þegar fyrir eiðsrjettinn kom neitaði Guðmundur
Sigurðsson að vinna eið í málinu nema því að eins
að hann, í stað þess að neita samþykki til fram-
lengingar ofanefndra víxla, mætti sverja, að hann
»mintist ekki« að hafa samþykkt framlengingu víxl-
anna f. h. sparisjóðsins. H/f. Kol & Salt mótmælti
þannig löguðum eiði, en dómurinn í eiðsmálinu heim-
ilaði Guðmundi eiðinn með úrskurði, enda vann Guð-
mundur eiðinn.

H/f. Kol & Salt leit svo á, sem Guðmundi Sig-
urðssyni hefði í rauninni orðið eiðfall, og sneri sjer

því til fúgetans með beiðni um fjárnám hjá Landsbankanum f. h. sparisjóðsins samkvæmt fyrnefndum hæstarjettardómi. En fúgeti taldi sjer ekki fært að verða við þeirri kröfu, úr því að dómarinn í eiðsmálinu hafði úrskurðað Guðmundi eið og Guðmundur unnið eiðinn. Hratt fúgetinn því fjárnámskröfunni með úrskurði 30. júní.

Báðum þessum gerðum hefir áfrýjandinn h/f. Kol & Salt nú skotið til hæstarjettar með stefnu dags. 24. sept. Krefst fjelagið þess, að fyrnefndur úrskurður eiðsdómarans og eiðvinningin verði ómerkt og sömuleiðis synjunarúrskurður fúgetans á fjárnáminu, svo og þess, að fúgetinn verði skyldaður til að framkvæma fjárnámið og Landsbankinn f. h. sparisjóðsins dæmdur til að greiða fjelaginu málskostnað eftir mati rjettarins. Stefndu hafa hinsvegar krafist staðfestingar hinna áfrýjuda gerða og málskostnaðar fyrir hæstarjetti.

Eins og getið er að framan, mótmælti áfrýjandinn því fyrir eiðsdómaranum, að Guðmundur Sigurðsson fengi að vinna þann eið, sem dómarinn úrskurðaði honum, taldi þann eið óheimilan samkvæmt hæstarjettardóminum. Þessa skoðun áfrýjanda verður að telja rjetta, með því að eiður sá, er eiðsdómarinn gerði Guðmundi Sigurðssyni er annar en sá, er hæstarjettardómurinu ætlaði Guðmundi að vinna, en til slíkrar breytingar brast eiðsdómarann vitanlega alla heimild.

Verður því, samkv. kröfu áfrýjanda, að ómerkja umgetinn úrskurð eiðsdómarans og jafnframt fella eiðvinninguna úr gildi. Þá verður og að ógilda fúgetarjettarúrskurðinn, sem bygður var á úrskurði eiðsdómarans og eiðvinningunni. Málinu hefir ekki verið gagnáfrýjað, nje heldur hefir fjárnámskröfu áfrýj-

anda verið sjerstaklega mótmælt, og verður þegar af þeirri ástæðu einnig að taka þá kröfu til greina.

Samkvæmt þessum úrslitum verða stefndu að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti og er hann ákveðinn 300 kr.

Því dæmist rjett vera:

Úrskurður eiðsdómarans 17. maí á að vera ómerkur. Eiðvinningin og fógatarjettarúrskurðurinn 30. júní eru feld úr gildi. Fógetanum ber að gera fjárnám fyrir dómkröfum áfrýjanda samkvæmt þar að lútandi ákvæðum ofan nefnds hæstarjettardóms 5. maí þ. á.

Loks greiði hinir stefndu bankastjórar, Magnús Sigurðsson, Ludvig Kaaber og Georg Ólafsson f. h. Landsbanka Íslands og Sparisjóðs Árnessýslu, áfrýjanda, Hjalta Jónssyni f. h. h/f. Kol & Salt, málskostnað fyrir hæstarjetti með 300 kr.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur úrskurðar gestarjettarins hljóða svo:

Dómarinn getur eigi fallist á það að orðin „minntist ekki“ í því sambandi sem þau hafa verið sett inn í eiðstafinn af dómáranum, komi að nokkru leyti í bága við hinn framlagða hæstarjettardóm, verða því hin framkomnu mótmæli gegn því að eiðvinningin fari fram samkvæmt eiðstaf þeim sem dómarinn hefir stílað og sjálfur fært inn í rjettarbókina ekki tekin til greina heldur úrskurðast, að eiðvinningin skuli fram fara sje eiðstefndur enn fús til að vinna eiðinn.

Forsendur úrskurðar fúgetarjettarins hljóða svo:

Málavextir í þessu máli eru þannig; að með dómi hæstarjettar uppkveðnum 5. maí þ. á. í málinu Landsbanki Íslands f. h. Sparisjóðs Árnessýslu gegn h/f. Kol & Salt, var svo ákveðið, að svo framarlega sem fyrverandi formaður Sparisjóðs Árnessýslu, Guðmundur Sigurðsson, eftir löglegan undirbúning innan mánaðar frá birtingu þessa dóms neitaði því með eidi á varnarþingi sínu, að hann hafi fyrir hönd Sparisjóðs Árnessýslu samþykkt að víxlar þeir, er ræðir um í máli þessu og stefndi gaf út, Þorleifur Guðmundsson samþykkti og Íslandsbanki keypti, væru framlengdir, þá ætti áfrýjandi, Landsbanki Íslands f. h. Sparisjóðs Árnessýslu að vera sýkn af kröfum h/f. Kol & Salt í máli þessu og málskostnaður að falla niður í báðum rjettum. En inni hann ekki eiddinn bæri áfrýjanda að greiða stefnda 33,000,00 kr. með 6% ársvöxtum frá 15. jan. 1923 til greiðsludags og kr. 500,00 í málskotsnað í hæstarjetti en málskostnaður í hjerði að falla niður.

Dómur þessi var birtur stjórn Landsbanka Íslands f. h. sparisjóðsins 15. maí síðastliðinn. Hinn 17. maí þ. á. var fyrir gestarjetti Reykjavíkur rjettarhald í tjeðu máli, haldið af settum dómara cand. jur. Gunnari E. Benediktssyni, og mætti þar Guðmundur Sigurðsson, fyrverandi formaður Sparisjóðs Árnessýslu samkvæmt stefnu.

Fyrir eidsrjettinum ljet Guðmundur Sigurðsson fyrverandi formaður Sparisjóðs Árnessýslu þess getið, að hann væri fús til að vinna synjunareiddinn, ef það væri tekið upp í eidsformúluna, að hann „minntist ekki“ að hafa fyrir hönd Sparisjóðs Árnessýslu samþykkt að víxlar þeir, sem ræðir um í þessu máli og stefndi gaf út, Þorleifur Guðmundsson samþykkti og Íslandsbanki keypti, væru framlengdir, en ljet þess jafnframt getið, að hann neitaði að vinna synjunareiddinn væru ekki orðin „minntist ekki“ tekin upp í eidsstafinn.

Stílaði eidsdómarinn eidsstafinn í samræmi við þetta og vann svo Guðmundur Sigurðsson, eftir löglegan undirbúning þrátt fyrir mótmæli frá umboðsmanni h/f. Kol & Salt eið að því, að hann „minntist ekki“ að hafa fyrir hönd Sparisjóðs Árnessýslu samþykkt það að víxlar þeir, sem umræðir í máli þessu og stefndi gaf út, Þorleifur Guðmundsson samþykkti og Íslandsbanki keypti væru framlengdir. Þessi eiðvinning hefir stefndi í ofan nefndu hæstarjettarmáli, h/f. Kol & Salt, haldið fram að væri marklaus, með því að heimildarlaust hafi verið af eidsdómaranum að taka

Öðruvísi eið af fyrnefndum formanni sparisjóðsins en hæstirjettur hafi ákveðið, og hefir því beiðst þess, að fjárnám yrði framkvæmt hjá Landsbanka Íslands fyrir hönd Sparisjóðs Árnessýslu samkvæmt fyrnefndum hæstarjettardómi uppkveðnum 5. maí þ. á. bæði fyrir dómkröfunni kr. 33,000,00 með 6% vöxtum frá 15. jan. 1923 til greiðsludags og kr. 500,00 í málskostnað auk kostnaðar við fjárnám þetta og eftirfarandi uppboð, svo sem að eiðfall hafi orðið, en gjörðinni hefir verið mótmælt af Landsbankanum f. h. Sparisjóðs Árnessýslu.

Hjer fyrir fógætarjettinum ber þess að gæta, að farið hefir fram eiðvinning eftir lögmætan undirbúning fyrir eiðsdómaranum, að uppkveðnum úrskurði dómarans í eiðsrjettinum um að eiðstafur sá, er hann stílaði eiðstefndum Guðmundi Sigurdssyni, fyrverandi formanni Sparisjóðs Árnessýslu og hjer að framan getur, færi eigi í bága við hæstarjettardóminn að neinu leyti og því skyldi eiðvinning framfara þrátt fyrir mótmæli stefnda í hæstarjettarmálinu. Hefir eiðvinningunni, er þannig fór fram, eigi verið hrundið. Um lögmæti úrskurðar eiðsdómarans, er eiðvinningin þannig byggðist á, er fógætarjetturinn eigi bær að dæma eða þá um samræmi eiðstafsins, er eiðsdómarinn stílaði eiðstefnda, við það, er ætlast var til í hæstarjettardóminum. Það verður því eigi sjæð að sá grundvöllur liggi fyrir hjer í rjettinum, er hægt sje að byggja á framkvæmd fjárnámsgjörðar, svo sem eigi hefði verið svarið.

Mánudaginn 22. nóv. 1926.

Nr. 69/1926. **Valdstjórnin** (Pjetur Magnússon)
gegn

Ernst Seemund (Jón Ásbjörnsson).

Ólöglegar botnvörpuveiðar.

Dómur lögreglurjettar Vestmannaeyja 13. maí 1926: Kærði Ernst Seemund á að greiða nú þegar sekt að upphæð kr. 12,500,00 til Landhelgisjóðs Íslands. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum P. G. 347 „Grethe Putz“ frá Geestemünde vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.